

51. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 22. maí 2024 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Berglind Kristjánsdóttir, fulltrúi Keilis

Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar

Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur 2023

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðaðan ársreikning ársins 2023 fyrir stjórn. Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 8,3 milljónir króna, sem kom aðallega til vegna launa- og verðhækkana. Staðan var rædd og ársreikningur samþykktur einróma.

2. Önnur mál

- Styrkur til starfsfólks vegna símakaupa var ræddur og ákveðið að starfsfólk fái 100.000 kr. styrk á hverju þriggja ára tímabili, gegn kvittun um símakaup.
- Næsti stjórnarfundur verður haldinn fimmtudaginn 19. september kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 15:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - Sign

Berglind Kristjánsdóttir - Sign

Sindri Gíslason - Sign

Guðmundur Grétar Karlsson - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign